

# Lög

Nr. 34.  
26. okt.

um

stofnun dósentsembættis í læknadeild Háskóla Íslands.

**Vjer Christian hinn Tíundi,** af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í læknadeild Háskóla Íslands skal stofna dósentsembætti í líffærameinfræði  
og sóttkveikjufræði.

2. gr.

Um dósentinn í líffærameinfræði og sóttkveikjufræði gilda að öllu leyti hinar  
sömu reglur sem um dósentana, sem fyrir eru við Háskólann.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1918.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 26. október 1917.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

Jón Magnússon.